

Landsfundur Kvennalistans

Kvennalistinn í bankaráð

KVENNALISTINN samþykkti á landsfundi sínum um helgina að taka sæti í bankaráði ríkisbankanna. Kvennalistinn telur mikla þörf á sjónarmiðum og áhrifum kvenna í bankaráðum, enda eru þar lagðar línar í peningamálum.

Kvennalistakonur segjast munu semja við hina flokkana í stjórnar- andstöðunni, Sjálfstæðisflokkini og Frjálslyndi hægrimenn, hvernig flokkarnir skipta á milli sín sætum í bankaráðum Landsbankans, Bún-

aðarbanks og Seðlabankans. Stjórnarandstaðan fær líklega tvö sæti í hverju ráði, sex alls og má búast við því að Kvennalistinn hljóti tvö sæti af sex.

Kvennadeild innan Byggðastofnunar

KVENNALISTINN leggur til að innan Byggðastofnunar verði stofnuð sérstök kvennadeild. Þar skulu aðeins starfa konur með reynslu af jafnréttisstarfi og kvennaráðgjöf, sem sjái konum um allt land fyrir upplýsingum og fræðslu. Alyktun þess efnis var samþykkt á landsfundi Kvennalistans um helgina.

Kvennalistinn leggur til að lögum um kvennadeild skuli bundið til tvo ára að deildin fái a.m.k. 20% af framlagi ríkisins til Byggðasjóðs. Þessi hlutur skal notaður til atvinnusköpunar fyrir konur og til námskeiðahalds og handleiðslu fyrir þær, segir í alyktun fundarins.

Þá er einnig lagt til að kvennadeildin verði sjálfstæð eining við útibú Byggðastofnunar á Akureyri, enda sé um byggðapróunarverkefni að ræða.

Mótæla endurvinnslu í Dounreay: Íslendingar hætti fisk-sölu til Bretlands

Á LANDSFUNDI Kvennalistans um helgina var samþykkt ályktun þar sem mótmælt er áformum um endurvinnslu kjarnorkuúrgangs í Dounreay í Skotlandi. Í ályktun fundarins segir að „...slík endurvinnslustöð yrði geigvænleg ógnun við lifríki sjávar, eina af mikilvægu stu auðlindum Íslendinga.“

Kvennalistinn leggur til að Íslendingar ihugi að hætta algjörlega allri fisksölu til Bretlands, þar til fallið hefur verið frá þessum áformum.

„Það eru skammtímasjónarmið sem ráða ferðinni í þessari ákvörðun.

Gegn aðild að EB

Hafna drögum að frumvarpi um stjórnun fiskveiða

Á LANDSFUNDI Kvennalistans var mikil rætt um Efnahagsbandag Evrópu og varð niðurstaða fundarins að aðild að EB kæmi ekki til greina. Sjálfsgt væri þó að kanna alla möguleika en að brýnt að gera öllum aðilum ljost að Íslendingar muni aldrei afsala sér yfirr áðum yfir fiskveiðilögsgögnunni eða öðru er varðar sjálfstæði þjóðarinnar.

Á fundinum kom einnig fram að nauðsyn væri að auka fræðslu um EB og hvæða áhrif aðild hefði fyrir hagsmuni Íslendinga. Þá var bent að ýmislegt sé enn óljóst t.d. varðandi umhverfismál og félagsleg réttindi.

Kvennalistinn er mótfallinn drögum að frumvarpi um stjórnun fiskveiða. Á fundinum kom fram að í drögum sé aðeins um að ræða.



Pórhlíður Þorleifsdóttir og Elín G. Ólafsdóttir útskýra stefnu Kvennalistans, á blaðamannafundi í gær.

Nauðsyn að auka hlut kvenna í sveitarstjórnarmálum

Gera þarf átak í sjálfstæðisbaráttu kvenna

Á SJÖUNDA landsfundi Kvennalistans sem haldin var um helgina í Básnum, Ölfusi, var mikil rætt um sjálfstæðisbaráttu kvenna en að mati fundarins þarf að gera átak í þeim málum. Einig kom fram að auka þurfi hlut kvenna í sveitarstjórnun og að nauðsyn sé að auka möguleika kvenna á vinnumarkaðnum.

„Konur þurfa að taka virkan þátt í sveitarstjórnun og það er áhyggjuefn hve margar þeirra, sem starfa við sveitarstjórnarmál, hyggjast ekki gefa kost að sér til áframhaldandi starfa,“ sagði Kristín Einarsdóttir. „Ein ástæðan er að yfirleitt eru fundir á kvöldin og það er mjög erfitt að koma því við vegna heimilishalds. Auk þess eru þessi störf illa launuð og kosta jafnvæl bein fjárlátt. Okkur finnst við réttast að þátttaka í sveitarstjórnun yrði launuð dagvinna,“ sagði Kristín.

Kvennalistinn telur að í næstu sveitarstjórnarkosningum beri að leggja áherslu á dagvistunar-, öldrunar-, umhverfis-, og umferðarmál, auk atvinnumála, með tilliti til kvenna.

Í aðalályktun fundarins var fjallat um sjálfstæðisbaráttu kvenna. Lögð var sérstök áhersla á félagslegt- og fjárhagslegt sjálfstæði kvenna auk þess að móðurhlutverk kvenna og líkamlegt- og menningarlegt sjálfstæði þeirra verði virt. Í þessu felst m.a. uppstokkun á launakerfi þjóðfélagsins með nýju mati á verðgildi atvinnu, endurskoðun atvinnulifs, út frá hugmyndum kvenna og með hagsmuni þeirra

í huga, og virðing fyrir hefðbundnum kvennastörfum.

Takmarkaðir möguleikar kvenna

Einig kom fram að möguleikar kvenna til atvinnu væru takmarkaðir. „Það kemur oftar í hlut kvenna að sjá um heimilishald og ef kona með tvö börn, sem ekki eru komin á skólaaldur, ætlaðar að vinna fulla vinnu þarf hún að greiða hálfa milljón króna á ári í dagvistunargjöld. Við þetta bætast skattar og það þarf há laun til að konur geti farið

út að vinna. Petta dregur skiljanlega verulega úr möguleikum kvenna og það er lágmarksbrafa að konur fái bætur vegna dagvistunargjaldar, hvort sem þær koma í formi launa eða skattafráráttar,“ sagði Pórhlíður Þorleifsdóttir.

„Það er mikil misrétti í atvinnumálum sem sést best á því að störf kvenna eru illa launuð. Þegar konum fylgar í karlastörfum þá lækka launin og kvennastörf eru illa launuð á meðan karlar bera mun meira úr býtum fyrir sambærileg störf,“ sagði Pórhlíður.

Næstu þingmannaskipti ekki fyrr en næsta haust

SAMKVÆMT þeirri reglu sem Samtök um kvennalista hafa sett sér, þá á engin kona sem gegnir trúnaðarstarfi fyrir samtökin að gegna því lengur en sex ár samfleytt. Því hefur frá því sl. ár verið rætt um það að Guðrún Agnarsdóttir hætti þingmennsku nú í haust, og hennar sæti tæki Guðrún Halldórsdóttir. Guðrún Agnarsdóttir upplýsti hins vegar blaðamann Morgunblaðsins um það í gær, að nafna hennar Halldórsdóttir væri svo önnun kafin við að ljúka ákvæðnu verkefni, að hún myndi líklega ekki taka sæti hennar á þingi fyrr en að ári.

„Gurún Halldórsdóttir tekur mitt sæti, en það ræðst af því hvenær hún er búin að ljúka þessu samnorræna verkefni, sem á að nýta hjá Evrópuráðinu um áhrif menntunar á stöðu og kjör kvenna í verkalýðsfelögum,“ sagði Guðrún Agnarsdóttir er hún var spurð hvort hún myndi hætta á Alþingi um næstu áramót.

Guðrún sagði að Guðrún Hallldórsdóttir vildi svo gjarnan ljúka

þessu verkefni áður en hún tæki sæti á þingi og líklega yrði því ekki lokið fyrr en næsta vor. „Við höfum þetta bara eins og það hentar guðrúnu. Við ætlum ekkert að hlaupa yfir hana, því hún er búin að vera að undirbúa sig fyrir það að taka sæti á þingi,“ sagði Guðrún. Því mætti alveg eins gera því skóna að hún sæti út þetta þing, en Guðrún Hallldórsdóttir tæki svo sæti á Alþingi næsta haust.